

Ed.

118. Breytingartillaga

[24. mál]

við frv. til l. um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Jafnframt verði ríkisstjórninni, að undangenginni skjótri rannsókn, heimilað að verja allt að hálfri milljón króna til aðstoðar við vélbátaútgerðina á Vestfjörðum á yfirstandandi haustvertíð og til að afstýra neyðarástandi í þessum landshluta vegna langvarandi aflabrests.

2. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist: og til bátaútvegsins á Vestfjörðum.